

BOLUR

Byrjið á að fitja upp (128) 136 (148) 162 (172) 192 (212) 232 L á prjóna nr. 3,5.

Setjið prj-merki í byrjun umferðar og eftir (64) 68 (74) 78 (84) 96 (106) 116 L. Prjónið 7 cm stroff í hring (1 S, 1 B).

Bæði munsturprjón og aukning byrja þegar skipt er yfir í sléttprjón, það síðarnefnda eftir 2 cm, lesið því allar leiðbeiningarnar um bolinn áður en byrjað er.

Skiptið yfir á prjóna nr. 4 og prj 1 umf sléttprjón. Í næstu umf byrjar munstrið.

Prj (18) 20 (23) 25 (28) 34 (39) 44 L sléttprj, 28 L perluprjón og síðan sléttprjón út umf, alls 9 umf.

Prj (17) 19 (22) 24 (27) 33 (38) 43 L sléttprj, 1 knúppur, 28 L perluprj, 1 kn og sléttprj út umf (9 umf sléttprj + 1 umf með knúppum = alls 10 umf).

Endurtakið munstrið.

Sjá kennslumyndband um að prjóna knúppa á bls. 19.

Þegar prj hafa verið 2 cm frá stroffinu er aukið út í hliðum til að forma sniðið á peysunni.

Prj þar til 1 L er að fyrri hliðarmerki, auk 1, 1 S, flytjið merkið, 1 S, auk 1, prj slétt þar til 1 L er að seinna hliðarmerki auk 1, 1 S, flytjið merkið, 1 S, auk 1. Þetta er gert með 3 cm millibili, alls 5 sinnum = aukið um 20 L.

Nú eru (148) 156 (168) 182 (192) 212 (232) 252 L á prjóninum.

Endurtakið munstrið þar til bolurinn mælist (25) 26 (27) 29 (30) 32 (32) 32 cm, eða hæfilega síður, og fellið af 8 L í hvorri hlið (4 L sitt hvorum megin við hliðarmerkin).

Nú eru (132) 140 (152) 166 (176) 196 (216) 236 L = (66) 70 (76) 83 (88) 98 (108) 118 L á hvorum hluta, fram- og bakstykki.

ERMAR

Fitjið upp (36) 36 (38) 40 (42) 44 (46) 48 L á prjóna nr. 3,5. Setjið prj-merki í byrjun umf til að merkja undirermína. Prj 7 cm stroff (1 S, 1 B).

Skiptið yfir á prjóna nr. 4, prj sléttprj í hring og aukið jafnframt út alla umf þannig: *Prj 1, auk 1* = (72) 72 (76) 80 (84) 88 (92) 96 L.

Munstrið byrjar í næstu umf: Prjónið (33) 33 (35) 37 (39) 41 (43) 45 L sléttprj, 6 L perluprj, síðan sléttprj út umf, alls 9 umf.

Prj (32) 32 (34) 36 (38) 40 (42) 44 L sléttprj, 1 kn, 6 L perluprj, 1 kn, prj sléttprj út umf (1 umf með kn, 9 umf án = 10 umf alls).

Prjónið þannig áfram þar til ermin mælist 20 cm frá úlnlið.

Nú er lykkjum fækkað þannig: Flytjið prj-merkið, prj 2 L saman, prj þar til 2 L eru að merkinu, munið munstrið, prj 2 saman. Þetta er gert með (3,5) 3,5 (3,5) 4 (4) 4 (4) 4 cm millibili alls 6 sinnum. Nú eru (60) 60 (64) 68 (72) 76 (80) 84 L á prjóninum.